

Knattspyrnudeild Völsungs  
Húsavík.

**Efni:** Áfrýjunarbeiðni knattspyrnudeildar Völsungs.

Vísað er til beiðni um áfrýjun frá knattspyrnudeild Völsung dags. 27. maí 2021 þar sem þess er farið á leit við formann áfrýjunardómstóls KSÍ að dómstólinn heimili áfrýjun á leikbanni leikmanns Völsungs Santiago Feuillassier. Verði áfrýjun heimiluð leitast knattspyrnudeild Völsungs jafnframt eftir því að fyrra gula spjald Santiago Feuillassier í leik Hauka og Völsungs í 2. deild karla þann 21. maí sl. verði felld niður. Vísað er til heimildar í grein 16.2.e) í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

*Áfrýjunardómstóll KSÍ getur heimilað áfrýjun annarra úrskurða í agamálum í undantekningartilvikum ef dómstóllinn telur sérstakar ástæður fyrir hendi. Skrifleg beiðni þar að lútandi skal send formanni dómsins inna tveggja virkra daga frá því úrskurður aga og úrskurðarnefndar var kveðinn upp. Beiðni um áfrýjun skal vera rökstudd og með henni skulu fylgja afrit af úrskurði aga- og úrskurðarnefndar og önnur gögn ef við á. Formaður áfrýjunardómstóls skal tilkynna aðilum eins fljótt sem verða má um hvort áfrýjun sé heimil á grundvelli sérstakra ástæðna.*

Af orðalagi greinar 16.2.e) verður ráðið að ekki skuli víkja frá meginreglum í grein 16.2. nema í undantekningartilvikum og ef dómstóllinn telur sérstakar ástæður fyrir hendi. Í grein 16.2.a) kemur skýrlega fram að leikbanni sem leikmaður fær sjálfkrafa skv. 12. sömu reglugerðar verður ekki áfrýjað en í grein 12.2. segir m.a. að fái leikmaður brottvísun sætir hann sjálfkrafa banni í 1 leik í Íslandsmóti (eða meistarakeppni ef við á). Sambærilegt ákvæði er að finna í 62. grein agareglugerðar FIFA þar sem segir að brottvísun leiði sjálfkrafa til leikbanns í a.m.k. einn leik. Dómstólar FIFA geti ekki haggjað við sjálfkrafa banni í a.m.k. 1 leik en geti hins vegar ákveðið að þyngja leikbann viðkomandi. Agareglur FIFA eru ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar eftir því sem við á skv. 23. gr.

Ákvörðunarvald dómara til að meta hvort ástæða sé til að áminna leikmann og/eða veita honum brottvísun verður rakið til 5. greinar knattspyrnulaganna. Þar er skýrlega kveðið á um að dómariinn geri sitt besta til þess að taka ákvarðanir í samræmi við knattspyrnulögin og anda leiksins og þær munu byggjast á mati dómarans á aðstæðum og því svigrúmi sem rammi laganna veitir honum. Úrskurðir dómarans varðandi atvik leiksins, þ.m.t. hvort mark sé skorað eða ekki og úrslit leiksins, eru endanlegir. Ávallt ber að virða ákvarðanir dómarans og allra hinna í dómarateyminu. Dómariinn getur ekki breytt úrskurði sínum um nein þau atvik sem dæmd eru eftir að leikur hefur verið flautaður á að nýju hvort heldur hefur verið vegna brots eða annarra atvika. Af því leiðir jafnframt að viðurlögum dómara sem beitt hefur verið í leik verða ekki endurskoðuð af dómstólum KSÍ nema í hreinum undantekningartilfellum. Ekkert sem fram kemur í beiðni Völsungs til dómsins er þess eðlis að unnt sé að taka beiðnina til greina.

Með vísan til framangreinds er það mat formanns áfrýjunardómstóls KSÍ að hvorki aga- og úrskurðarnefnd KSÍ né áfrýjunardómstóll KSÍ hafi heimild til að endurskoða eða taka til

umfjöllunar sjálfkrafa leikbann Santiago Feuillassier í 1 leik vegna brottvísunar í leik Hauka og Völsungs þann 21. maí sl.

Áfrýjunarbeiðni knattspyrnudeildar Völsungs er hafnað.

Reykjavík, 27. maí 2021.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]